

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands vestra 24. nóvember 2008 í máli nr. E-31/2007:

Gunnar Örn Þorvaldsson

Gréta Björg Jósefsdóttir

Jón Böðvarsson

Friðrik Böðvarsson

Skógræktarfélag Íslands

Skógræktarfélag V-Húnvetninga

Böðvar Sigvaldason

Böðvar Sigvaldi Böðvarsson

Karl Guðmundsson

Stefán Einar Böðvarsson

Gunnlaugur Frosti Guðmundsson

(Jörundur Gauksson hdl.)

gegn

Veiðifélagi Miðfirðinga

(Ásgeir Þór Arnason hrl.)

Með ehf.

Kirkjumálasjóði

(Jón Höskuldsson hrl.)

Guðfinnu Kristínu Ólafsdóttur

Rafni Benediktssyni

Þórarni Óla Rafnssyni

Magnúsi Guðmundssyni

Heiðrúnu Brynju Guðmundsdóttur

Benedikt Björnssyni

Pétri Hafsteini Sigurvaldasyni

Bjarneyju Öldu Benediktsdóttur

Sigvalda Sigurjónssyni

Önnu Axelsdóttur

Axel Sigurgeirssyni

Þorvaldi Pálssyni

Eggerti Pálssyni

Húnaþingi vestra

(Stefán Ólafsson hrl.)

Minningarsjóði Ágústu Jónatansdóttur og Daníels Jónatanssonar

(Bjarni Stefánsson)

Lífsvali ehf.

(Stefán Geir Þórisson hrl.)

Ingimar Steindóri Guðmundssyni

Jóhönnu Gunnarsdóttur

Barkarstaðaskógi ehf.

Unni Sveinsdóttur

Sigrúnu Aðalbjarnardóttur

Ingu Hjördísi Aðalbjarnardóttur

Aldísi Aðalbjarnardóttur

Guðrúnu Benediktsdóttur

Birnu Jónsdóttur

Aðalbirni Benediktssyni

Flaumi ehf.

Finni Jónssyni

Brynjólfi Jónssyni

Leifi Jónssyni

Skafta Jóhannssyni

Jenný Jóhannsdóttur

Rögnu Jóhannsdóttur

Oddfríði Jóhannsdóttur

Kristínu Jóhannsdóttur

Ólafi Helga Jóhannssyni

Jóhannesi Jóhannssyni

Jóni Jóhannssyni

Bryndísi Jóhannsdóttur

Berki Benediktssyni

Sigrúnu Kristínu Barkardóttur

Birni Helga Barkarsyni

Sigurrós K. Indriðadóttur

Örnólfi F. Björgvinssyni

Jóhannesi Guðmundi Þorbergssyni

Hauki Stefánssyni

Flugastraumi ehf.

Sigfúsi Levi Jónssyni

Ragnari Leví Jónssyni

Jóni Bergmann Sigfússyni

Sævari Þór Sigurgeirssyni

Hafdísi Sigurgeirsdóttur

Grétu Guðmundsdóttur

Þorsteini Baldri Helgasyni

Ástu Sveinsdóttur

Eyjólfi Val Gunnarssyni

Fasteignafélaginu Reyf ehf.

Fjársýslu ríkisins

Ólöfu Guðrúnu Helgadóttur

Birni Helgasyni

Jóhönnu Hólmfríði Helgadóttur

Elínbjörgu Helgadóttur

Hjalta Sigursveini Helgasyni

Helga Björnssyni

Arinbirni Jóhannssyni

Sigvalda Jóhannssyni

Hólmfríði I. Jóhannsdóttur

Karli Heiðari Sigurðssyni

Friðriki Jóhannssyni

(Karl Axelsson hrl.)

Kvísl ehf.

(Óttar Yngvason hrl.)

Veiðifélagi Arnarvatnsheiðar

Elínborgu B. Benediktsdóttur

Jóni Guðmundi Benediktssyni

Benediktu S. Benediktsdóttur

Magnúsi Gunnlaugssyni og

Guðmundi Víði Magnússyni

(enginn)

I

Mál þetta var upphaflega tekið til dóms að loknum munnlegum flutningi 29. maí sl. Hinn 13. júní sl. var málinu með úrskurði dómsins vísað frá dómi en það var mat dómsins að skort hafi á að öllum þeim sem hagsmuna hafa að gæta hafi verið réttilega stefnt fyrir héraðsdóm. Úrskurður dómsins var kærður til Hæstaréttar Íslands sem með dómi sínum 5. september sl. felldi úrskurðinn úr gildi og lagði fyrir héraðsdóm að taka málið til munnlegs málflutnings og dómsálagningar. Málið var að nýju flutt munnlega fyrir dómnum og tekið til dóms 27. október sl. Í samræmi við dóm Hæstaréttar Íslands hefur aðild að málinu verið lagfærð þannig að í stað dánarbús Þorbjargar Sveinbjarnardóttur hafa komið börn hennar og Helga Björnssonar þau Ólöf Guðrún, Björn, Jóhanna Hólmfríður, Elínbjörg og Hjalti Sigursveinn.

Málið var höfðað, með stefnum birtum í desember 2006 og janúar 2007, af Gunnari Erni Þorvaldssyni, Litla-Ósi, Húnaþingi vestra, Grétu Björgu Jósefsdóttur, sama stað, Jóni Böðvarssyni, Syðsta-Ósi, Húnaþingi vestra, Friðriki Böðvarssyni, sama stað, Skógræktarfélagi Íslands, Skúlatúni 6, Reykjavík, Skógræktarfélagi Vestur-Húnvetninga, Hvammstangabraut 32, Hvammstanga, Böðvari Sigvaldasyni, Barði, Húnaþingi vestra, Böðvari Sigvalda Böðvarssyni, Mýrum II, Húnaþingi vestra, Karli Guðmundssyni, Stefáni Einari Böðvarssyni, sama stað, og Gunnlaugi Frosta Guðmundssyni, Söndum, Húnaþingi vestra,

gegn Veiðifélagi Miðfirðinga, Fosshóli, Húnaþingi vestra, Með ehf., Sundaborg 15, Reykjavík, Magnúsi Gunnlaugssyni, Efri-Torfustöðum, Húnaþingi vestra, Guðmundi Víði Magnússyni, sama stað, Heiðrúnu Brynju Guðmundsdóttur, Benedikt Björnssyni, Pétri Hafsteini Sigvaldasyni, Bjarneyju Öldu Benediktsdóttur, öllum til heimilis að Neðri-Torfustöðum, Húnaþingi vestra, Sigvalda Sigurjónssyni, Urriðaá, Húnaþingi vestra, Önnu Axelsdóttur, Fífusundi 9, Hvammstanga, Axel Sigurgeirssyni, Bjargi, Húnaþingi vestra, Þorvaldi Pálssyni, Ytra-Bjargi, Húnaþingi vestra, Eggert Pálssyni, Bjargshóli, Húnaþingi vestra, Húnaþingi vestra, Klapparstíg 4, Hvammstanga, Minningarsjóði hjónanna Ágústu Jónatansdóttur og Daníels Jónatanssonar, Hnjúkabyggð 33, Blönduósi, Ingimar Steindóri Guðmundssyni, Uppsölum, Húnaþingi vestra, Jóhönnu Gunnarsdóttur, Furugrund 36, Kópavogi, Lífsvali ehf., Vesturhlíð 9, Reykjavík, Barkarstaðaskógi ehf., Barkarstöðum, Húnaþingi vestra, Unni Sveinsdóttur, Norðurvangi 25, Hafnarfirði, Sigrúnu Öldu Aðalbjarnardóttur, Hvassaleiti 89, Reykjavík, Ingu Hjördísi Aðalbjarnardóttur, Fjarðarási 27, Reykjavík, Aldísi Aðalbjarnardóttur, Brekkuhvarfi 9, Kópavogi, Elínborgu B. Benediktsdóttur, Hellu, Þingeyjarsveit, Jóni Guðmundi Benediktssyni, Fífumóa 8, Reykjanesbæ, Benediktu S. Benediktsdóttur, Melabraut

11, Garði, Birnu Jónsdóttur, Breiðuvík 65, Reykjavík, Aðalbirni Benediktssyni, Neðstaleiti 4, Reykjavík, Flaumi ehf., Klettagerði 4, Akureyri, Veiðifélagi Arnarvatnsheiðar, Fosshóli, Húnaþingi vestra, Finni Jónssyni, Heiðarlundi 8, Garðabæ, Brynjólfi Jónssyni, Belgíu, Leifi Jónssyni, Heiðarlundi 6, Garðabæ, Skafta Jóhannssyni, Spóahöfða 15, Mosfellsbæ, Jenný Jóhannsdóttur, Skarði, Árborg, Rögnu Jóhannsdóttur, Silungakvísl 15, Reykjavík, Oddfríði Jóhannsdóttur, Heiðargerði 17, Reykjavík, Kristínu Jóhannsdóttur, Búlandi 18, Reykjavík, Ólafi Helga Jóhannssyni, Safamýri 46, Reykjavík, Jóhannesi Jóhannssyni, Bandaríkjunum, Jóni Jóhannssyni, Skúlagötu 62, Reykjavík, Bryndísi Jóhannsdóttur, Bergholti 5, Mosfellsbæ, Berki Benediktssyni, Núpsdalstungu, Húnaþingi vestra, Sigrúnu Kristínu Barkardóttur, Háulind 6, Kópavogi, Birni Helga Barkarsyni, Sóltúni 31, Selfossi, Sigurrós K. Indriðadóttur, Bjargtanga 3, Mosfellsbæ, Örnólfi F. Björgvinssyni, sama stað, Jóhannesi Guðmundi Þorbergssyni, Neðra-Núpi, Húnaþingi vestra, Hauki Stefánssyni, Haugi, Húnaþingi vestra, Flugastraumi ehf., Klettagarði 4, Akureyri, Sigfúsi Levi Jónssyni, Jörfabakka 32, Reykjavík, Ragnari Levi Jónssyni, Sæviðarsundi 19, Reykjavík, Jóni Bergmann Sigfússyni, Hringbraut 119, Reykjavík, Sævari Þór Sigurgeirssyni, Stigahlíð 62, Reykjavík, Guðrúnu Benediktsdóttur, Neðstaleiti 4, Reykjavík, Aðalbirni Benediktssyni, sama stað, Hafdísi Sigurgeirsdóttur, Logafold 163, Reykjavík, Grétu Guðmundsdóttur, Goðheimum 9, Reykjavík, Þorsteini Baldri Helgasyni, Fosshóli, Húnaþingi vestra, Ástu Sveinsdóttur, sama stað, Eyjólfí Val Gunnarssyni, Bálkastöðum 2, Húnaþingi vestra, Fasteignafélaginu Reyf ehf., Sundagörðum 2, Reykjavík, Fjárslu ríkisins, Sölvhólgötu 7, Reykjavík, Ólöfu Guðrúnu Helgadóttur, Safamýri 42, Reykjavík, Birni Helgasyni, Skálagerði 5, Reykjavík, Jóhönnu Hólmfríði Helgadóttur, Huppuhlíð, Húnaþingi vestra, Elínbjörgu Helgadóttur, sama stað, Hjalta Sigursveini Helgasyni, sama stað, Helga Björnssyni, sama stað, Arinbirni Jóhannssyni, Brekkulæk, Húnaþingi vestra, Sigvalda Jóhannssyni, Fífuseli 11, Reykjavík, Hólmfríði I. Jóhannsdóttur, Dalbrún 13, Egilsstöðum, Karli H. Sigurðssyni, sama stað, Friðriki Jóhannssyni, Brekkulæk, Húnaþingi vestra, Kvísl ehf., Birkigrund 23, Kópavogi, Guðfinnu Kristínu Ólafsdóttur, Staðarbakka 1, Húnaþingi vestra, Rafni Benediktssyni, sama stað, Þórarni Óla Rafnssyni, sama stað, Magnúsi Guðmundssyni, Staðarbakka, Húnaþingi vestra, og Kirkjumálasjóði, Laugavegi 31, Reykjavík (áður Prestsetrasjóður).

II

Dómkröfur

Stefnendur krefjast þess að arðskrá Veiðifélags Miðfirðinga, dagsett 5. júlí 2006, fyrir Miðfjarðará verði dæmd ógild. Þá krefjast stefnendur þess að stefndu verði dæmd óskipt til að greiða þeim málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi. Við munnlegan flutning málsins féllu stefnendur frá kröfu um málskostnað úr hendi stefnda Kvíslar ehf.

Stefndi Veiðifélag Miðfirðinga krefst sýknu af kröfum stefnenda jafnframt því sem þess er krafist að stefnendum verði sameiginlega gert að greiða málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndu Ingimar Steindór Guðmundsson, Jóhanna Gunnarsdóttir, Barkarstaðaskógur ehf., Unnur Sveinsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Inga Hjördís

Aðalbjarnardóttir, Aldís Aðalbjarnardóttir, Birna Jónsdóttir, Flaumur ehf., Finnur Jónsson, Brynjólfur Jónsson, Leifur Jónsson, Skafti Jóhannsson, Jenný Jóhannsdóttir, Ragna Jóhannsdóttir, Oddfríður Jóhannsdóttir, Kristín Jóhannsdóttir, Ólafur Helgi Jóhannsson, Jóhannes Jóhannsson, Jón Jóhannsson, Bryndís Jóhannsdóttir, Börkur Benediktsson, Sigrún Kristín Barkardóttir, Björn Helgi Barkarson, Sigurrós K. Indriðadóttir, Örnólfur F. Björgvinsson, Jóhannes Guðmundur Þorbergsson, Haukur Stefánsson, Flugastraur ehf., Sigfús Levi Jónsson, Ragnar Levi Jónsson, Jón Bergmann Sigfússon, Sævar Þór Sigurgeirsson, Guðrún Benediktsdóttir, Aðalbjörn Benediktsson, Hafdís Sigurgeirsdóttir, Gréta Guðmundsdóttir, Þorsteinn Baldur Helgason, Ásta Sveinsdóttir, Eyjólfur Valur Gunnarsson, Fasteignafélagið Reyur ehf. Ólöf Guðrún Helgadóttir, Björn Helgason, Jóhanna Hólmfríður Helgadóttir, Elínbjörg Helgadóttir, Hjalti Sigursveinn Helgason, Fjársýsla ríkisins, Helgi Björnsson, Arinbjörn Jóhannsson, Sigvaldi Jóhannsson, Hólmfríður I. Jóhannsdóttir, Karl Heiðar Sigurðsson, og Friðrik Jóhannsson krefjast þess að þau verði sýknuð af kröfum stefnenda og að þeim verði in solidum dæmdur málskostnaður að viðbættum virðisaukaskatti úr hendi stefnenda samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndu Með ehf. og Kirkjumálasjóður krefjast sýknu af kröfum stefnenda og að stefnendum verði sameiginlega gert að greiða hvorum um sig málskostnað að mati dómsins.

Stefndi Kvísl ehf. samþykkir kröfur stefnenda um ógildingu arðskrár Veiðifélags Miðfirðinga. Þá gerir hann ekki kröfu um málskostnað úr hendi stefnenda, enda verði málskostnaður felldur niður að því er hann varðar.

Stefndu Lífsval ehf., Heiðrún Brynja Guðmundsdóttir, Þorvaldur Pálsson, Eggert Pálsson, Anna Axelsdóttir, Axel Sigurgeirsson, Rafn Benediktsson, Magnús Guðmundsson, Sigvaldi Sigurjónsson, Benedikt Björnsson, Bjarney Alda Benediktsdóttir, Pétur Hafsteinn Sigurvaldason, Húnaþing vestra, Guðfinna Kristín Ólafsdóttir og Þórarinn Óli Rafnsson gera ekki aðrar kröfur í málinu en að þau verði ekki dæmd til greiðslu málskostnaðar. Af hálfu Guðfinnu Kristínar og Þórarins Óla var ekki skilað greinargerð en krafan kom fram við munnlegan flutning málsins.

Stefndu Veiðifélag Arnarvatnsheiðar, Elínborg B. Benediktsdóttir, Jón Guðmundur Benediktsson, Benedikta S. Benediktsdóttir, Magnús Gunnlaugsson, Guðmundur Víðir Magnússon og Minningarsjóður hjónanna Ágústu Jónatansdóttur og Daniels Jónatanssonar hafa ekki látið málið til sín taka.

III

Málavextir

Í lok árs 1938 var stofnað Fiskræktar- og veiðifélag Miðfirðinga. Félagið starfar í dag eftir samþykkt nr. 14/1961, sem kom í stað samþykktar nr. 116/1939, en samþykkt nr. 14/1961 var staðfest af landbúnaðarráðherra 20. janúar 1961. Nokkrar breytingar munu hafa verið gerðar á samþykkt félagsins án þess að þær hafi verið staðfestar af ráðherra og birtar eftir það. Í 2. gr. samþykkt félagsins kemur fram að félagssvæðið nái til allra jarða, ásamt afréttarlandinu Húksheiði, sem lönd eiga að Miðfjarðará, Vesturá, Núpsá og Austurá. Ein af þeim breytingum sem gerðar hafa

verið á samþykkt félagsins án staðfestingar ráðherra tekur til þessarar greinar. Þannig hefur fjórum jörðum ofan Kambfoss auk afréttarlands verið bætt við sem aðilum að félaginu. Þá hefur nokkrum sem áður áttu óskipta aðild að félaginu með öðrum einnig verið bætt við þannig að í einu tilfelli koma tveir aðilar í stað eins og í öðru tilviki koma fjórir aðilar í stað eins. Að baki þessum breytingum liggja ákvarðanir félagsfunda. Yfirmatsmenn hafa í mati sínu tekið tillit til þessara breytinga en ekki verður séð að ágreiningur sé um aðild að félaginu. Verkefni félagsins eru tilgreind í 3. gr. nefndra samþykktu og þar er því lýst að félagið skuli viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og leigja vatnasvæðið til stangaveiði eða stunda félagsveiði og að félagið taki til allrar veiði á svæðinu. Í samræmi við þetta hefur veiðiréttur á svæði félagsins, í áratugi, verið á hendi leigutaka en ekki veiðiréttareigenda sjálfra. Lax-á ehf. hefur haft veiðiréttinn á leigu frá árinu 2000 en sá samningur sem síðast var gerður við leigutakann rennur út í lok þessa árs. Í gildandi samþykktum félagsins er mælt fyrir um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá og þá skulu þeir greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Frá fyrstu tíð hafa verið gerðar nokkrar arðskrár fyrir félagið, sú fyrsta á árinu 1939 en sú síðasta á árinu 2006. Arðskrárnar tóku eðlilega mið af þeim lögum sem í gildi voru hverju sinni. Þannig var hlutur jarða þar sem netaveiði var mikil verulegur í arðskráum frá 1939, 1945 og 1951 en þær byggðust á ákvæðum lax- og silungsveiðilaga frá árinu 1932. Arðskrár frá 1958 og 1963 byggjast á þeim sjónarmiðum sem fram komu í lax- og silungsveiðilögum frá 1957. Á árunum 1979 og 1988 eru enn gerðar nýjar arðskrár og þá höfðu tekið gildi lög um lax- og silungsveiði frá 1970.

Mikil netaveiði mun hafa verið í Miðfirði fyrir stofnun félagsins en slík veiði var alfarið lögð af á árinu 1939 þegar veiðifélagið var stofnað. Réttur jarðarinnar Litla-Óss til netaveiði var tekinn eignarnámi í þágu veiðifélagsins á árinu 1940. Stefnendur eiga það sameiginlegt að jarðir þeirra eru neðarlega á vatnasvæðinu en þar mun netaveiði hafa verið mest á sínum tíma.

Hinn 26. september 2002 voru þeir Magnús Jónsson, rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, og Gísli Kjartansson sparisjóðsstjóri dómkvaddir til að gera arðskrá fyrir Veiðifélag Miðfirðinga. Matsgerð þeirra lá fyrir 6. nóvember 2004 og var arðskrá undirrituð sama dag. Allmargir veiðiréttarhafar voru ósáttir við niðurstöðu matsmanna og fram kom krafa um yfirmat. Hinn 5. júlí 2006 luku þeir Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Sveinbjörn Dagfinnsson hæstaréttarlögmaður og Þorsteinn Þorsteinsson bóndi yfirmati á arðskránni en ný arðskrá samkvæmt mati þeirra gildi frá 1. janúar 2006. Þessa arðskrá freista stefnendur að fá ógilta með málshöfðun sinni. Í arðskránni er arði skipt í 1.000 einingar sem síðan er skipt milli rétthafa. Þessi sami háttur var hafður á við gerð arðskrár þeirrar sem áður var í gildi og var gerð á árinu 1987. Frá því að arðskrá var gerð 1987 og þar til núgildandi arðskrá tók gildi hafði verið gerður laxastigi í Austurá. Vegna þessa var 126,1 einingu úthlutað til þessa nýja svæðis en 873,9 einingum á svæðið sem samkvæmt eldri arðskrá hafði verið með 1.000 einingar. Í hinni nýju arðskrá, sem krafist er ógildingar á, er einingum skipt þannig að 300 eru fyrir landlengd, 400 vegna stangaveiði á öllu félagssvæðinu og að nokkru einnig vegna aðstöðu til netaveiði og veiðibanns á friðunarsvæði. Loks eru 300 einingar vegna uppeldis- og hrygningarskilyrða.

Á stjórnarfundi í Veiðifélagi Miðfirðinga sem haldinn var hinn 15. apríl 2007 var ákveðið að veiðifélagið myndi verjast kröfum stefnenda og lögð áhersla á að hin

nýja arðskrá hafi verið sett með lögformlegum hætti. Á aðalfundi félagsins sem haldinn var 5. maí sama ár var þessi ákvörðun stjórnarinnar kynnt fundarmönnum og komu ekki fram andmæli við ákvörðunina.

IV

Málsástæður og lagarök

Stefnendur halda því fram að aðferð og forsendur útreiknings við mat á aðstöðu til netaveiði séu ekki í samræmi við ákvæði lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970. Þar sem veiðifélag sé á svæðinu skuli framlag hverrar jarðar metið til eininga í arðskrá og tekjum af sölu stangveiðileyfa jafnað niður í samræmi við það. Við mat á framlagi jarða skuli líta til nokkurra þátta sem taldir eru upp í 1. mgr. 50. gr. nefndra laga nr. 76/1970 og einn af þeim þáttum er aðstaða til netaveiði.

Stefnendur halda því fram að framlag jarða þeirra til aukins arðs veiðifélagsins af sölu stangveiðileyfa felist m.a. í því að hin góða aðstaða sem er til netaveiða fyrir landi jarða þeirra er ekki nýtt vegna ákvörðunar félagsfundar um leigu árinna til stangaveiði. Því hafi matsmönnum borið að meta aðstöðu til netaveiði og hvers virði það sé fyrir arðsemi félagsins að ekki er veitt í net fyrir landi jarðanna. Stefnendur benda jafnframt á að mikil þróun hafi orðið á veiðiaðferðum og veiðitækjum frá því fyrir 1939. Með tilkomu lagneta, auknum gæðum neta og laxakista hafi möguleikar til aukinnar laxveiði margfaldast. Því megi ganga út frá því sem vísu að í dag megi veiða miklu meira magn af laxi í net en gert var með gömlu vanþróðu veiðitækjunum. Þessi staðreynd skipti miklu máli þegar aðstaða til netaveiði er metin í dag og hlutdeild hennar í arði félagsins.

Stefnendur halda því fram að á sama tíma og auðveldara sé orðið að veiða lax í net hafi mikilvægi þess fyrir arðsemi veiðifélagsins að ekki sé veitt í net aukist verulega og skipti þar miklu möguleiki til aukinnar stangaveiði og sú ímynd að ekki sé veitt í net á vatnasvæðinu. Augljóst sé hver áhrif það hefði á ána sem stangveiðia ef netaveiði yrði tekin upp í dag. Það sé forsenda fyrir leigu árinna til stangaveiði og auðveldi sölu veiðileyfa að ekki sé veitt í net. Þá minnki þetta fyrirkomulag veiðiálag og styrki viðkomu fiskistofna sem í ánni eru. Fyrir liggja að matsmönnum hafi borið að taka tillit til þessa burtséð frá því hvaða skoðanir menn hafi á þessum sjónarmiðum. Í þessu sambandi benda stefnendur á að í júní 1971 hafi nokkrar jarðir í Borgarfirði samið um það við inngöngu í Veiðifélag Norðurár að neðsti hluti árinna frá Munaðarnesi til Hvítár fengi aldrei minni hlutdeild í arðskrá félagsins en 23,85% gegn upptöku neta.

Stefnendur byggja á því að með lax- og silungsveiðilögum sé aðstöðu til netaveiði tryggð hlutdeild í arði veiðifélagsins af sölu stangveiðileyfa. Ákvæði lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957 um niðurbætur arðs hafi leitt til þess að aðstaða til netaveiði fékk minna vægi í arðskrá en áður hafði verið, enda að því stefnt að jafna mun sem verið hafði milli jarða sem voru ofarlega og neðarlega á sama vatnasvæði. Stefnendur telja að fyrstu arðskrár sem gerðar voru eftir 1957 hafi náð markmiði laganna en arðskráin sem gerð var fyrir Miðfjarðará 1988 haf engu að síður enn minnkað vægi aðstöðu til netaveiði líkt og fyrri arðskrár höfðu gert. Þrátt fyrir að langt hafi verið gengið í að minnka vægi aðstöðu til netaveiði í arðskránni frá 1988 hafi stefnendur ákveðið að una þeirri niðurstöðu. Hins vegar sé ljóst að engar breytingar hafi orðið frá 1988 á veiðiaðstöðu við Miðfjarðará, hvort sem litið

sé til aðstöðu til netaveiði eða stangaveiði. Yfirmatsmenn hafi enga tilraun gert til að sýna fram á hvaða breytingar hafi leitt til þess að arðskrá breyttist eins og raun varð á. Telja stefnendur því að jörðum þeirra hafi borið að fá í sinn hlut ekki minni hlutdeild vegna aðstöðu til netaveiði í arði félagsins en þær höfðu samkvæmt arðskránni frá 1988.

Stefnendur benda á að arður veiðifélagsins verði til við sölu veiðileyfa en margir þættir hafi áhrif á verðmæti veiðileyfanna, svo sem aðstaða til stangaveiði og aðstaða til netaveiði. Hlutdeild þeirra þátta sem áhrif hafa á verðmæti veiðileyfa eigi að haldast óbreytt nema sýnt sé fram á að breytingar hafi orðið á einhverjum þeirra. Það sé útbreiddur misskilningur að hlutur þeirra jarða þar sem laxinn veiðist á stöng fái alltaf meira vægi eftir því sem arðurinn af sölu stangveiðileyfa eykst og þær jarðir þar sem aðstaða til netaveiði sé fyrir hendi fái að sama skapi minna vægi. Með 1. mgr. 50. gr. títtnefndra laga um lax- og silungsveiði sé tryggt að aðstöðu til netaveiði skuli meta af því að hún er ekki stunduð. Frá því að arðskrá var gerð á árinu 1988 hafi litlar sem engar breytingar orðið á aðstæðum til veiði nema þá helst að auka mætti netaveiði vegna betri útbúnaðar. Engu að síður hafi hlutdeild jarða stefnenda skerst um allt að 83,9% frá þeirri arðskrá. Yfirmatsmenn hafi staðfest að þessa miklu skerðingu megi meðal annars rekja til minna vægis aðstöðu jarðanna til netaveiði. Þessa niðurstöðu byggja matsmennirnir ekki á því hvað hafi breyst heldu núvirði þeir meðalafla árinna frá því fyrir 1939 og taki ekkert tillit til betri veiðitækja. Engin sérfræðirannsókn hafi verið látin fara fram á aðstöðu til netaveiði, eins og gert var við búsvæðamat, og á skilyrðum til hrygningar auk þess sé enginn yfirmatsmanna sérfróður um netaveiði. Stefnendur telja víst að ef slík rannsókn hefði farið fram hefði hún leitt í ljós að aðstaða til netaveiði hefði styrkt en þær breytingar sem hefðu átt sér stað á aðstöðu til stangaveiði frá arðskránni 1988 hefðu veikst vegna samdráttar í stangaveiðinni. Meðalveiði árána 1970 til 1988 hafi verið rúmlega 1.283 laxar en rúmlega 1.095 laxar að meðaltali fyrir árin 1988 til 2005. Þrátt fyrir þetta aukist svo mjög hlutur stangaveiði í hinna nýju matsgerð. Stefnendur halda því fram að aðstaða til netaveiði hafi síður en svo misst vægi sitt en yfirmatsmenn hafi beitt ólögumætum forsendum, eða reikniaðferð sem byggist á skaðabótasjónarmiðum en ekki hlutdeild í réttindum til arðs. Aðferð yfirmatsmanna miði að því að gera stefnendur skaðlausa þannig að þeir fái ekki minni arð fyrir aðstöðu til netaveiði en sem nemi núvirði meðalaflans.

Stefnendur halda því fram að niðurstaða máls þessa velti m.a. á því hvort aðferð yfirmatsmanna við mat á aðstöðu til veiði hafi verið í samræmi við 1. mgr. 50. gr. laga 50/1976. Að mati stefnenda er aðferð sú sem yfirmatsmenn nota við að meta réttinn til netaveiði í andstöðu við þann grundvallartilgang laganna að meta beri hvern þátt sjálfstætt til eininga í félaginu, þar með talin aðstaðan til netaveiði. Stefnendur halda því fram að ef aðferð yfirmatsmanna sé rétt hefði löggjafinn tekið fram að þessi réttindi ætti ekki að meta til hlutdeildar í arðskrá heldur ætti að miða við núvirði meðalafla þar sem notast væri við gamlar veiðitölur. Að mati stefnenda verður ekki séð á hvaða lagagrunni aðferð yfirmatsmanna byggist eða hvernig hún samrýmist efni 1. mgr. 50. gr. laga nr. 76/1970. Eigendur réttar til netaveiði fái veiðirétt sinn ekki metinn sem verðmæti sem skapa arð í veiðifélaginu heldur fái þeir bætur sem svari núvirtum meðalafla en enga hlutdeild í arði eða aukningu arðs í félaginu. Aðferð yfirmatsmanna jafni ekki með sanngjörnum hætti niður arði milli félagsmanna í veiðifélaginu og þá leiði hún til þess að sumir eigendur veiðiréttar séu betur settir utan félagsins en innan þess.

Stefnendur halda því fram að djúpstæður misskilningur felist í aðferð yfirmatsmanna við skýringu á 1. mgr. 50. gr. laga nr. 76/1970. Þar sé ítrekað talað um að jarðir eigi að fá sinn skaða bættan en ekki reiknaðar bætur en slík hugtakanotkun eigi ekki við þegar meta á réttindi til eininga í arðskrá og heyra undir skaðabótarétt. Útreikningar byggðir á verði netalaxa margfaldað með meðalvigt hafi enga þýðingu við mat á hlutdeild þessara verðmæta í arði félagsins. Aðferð yfirmatsmanna sé ólögmat og þá skipti ekki máli þótt yfirmatsmenn hafi notað aðferðina í eldri mötum sínum. Að mati stefnenda ber fyrst að meta aðstöðu til netaveiði á réttum grundvelli en síðan kunni að vera rétt að draga frá henni hluta arðsins af stangaveiðinni í dag. Þá segja stefnendur að rétt hafi verið hjá yfirmatsmönnum að reikna stefnendum ekki bæði arð fyrir aðstöðu til netaveiði og aðstöðu til stangaveiði að því leyti sem aðstaðan til stangaveiði hefur komið í staðinn fyrir þá aðstöðu til veiði sem var fyrir netaveiðibannið árið 1939. Hafa verði í huga að fyrir netabannið háttáði þannig til vegna bakkalengdar og hólma fyrir landi stefnenda að á sama tíma mátti veiða á stöng og í net og því geti ekki orðið um hreinan frádrátt að ræða. Yfirmatsmenn hafi ekki tekið tillit til þessarar aðstöðu og ekki tillit til þróunar sem orðið hefur á veiðitækjum og af því megi ráða að forsendur aðferðar þeirra hafi verið rangar.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram að verðmæti réttar þeirra til netaveiði sé meiri en aðferð yfirmatsmanna leiddi til. Í þessu sambandi benda þeir á að tilgangur laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði hafi verið að breyta útreikningi við niðurjöfnun arðs frá því sem verið hafði. Tilefnið hafi verið mikil aukning á stangaveiði og sanngjarnt hafi þótt að taka aukið mið af þeirri veiði. Þess vegna hafi verið horfið frá því að hafa afla sem meginviðmið og kveðið á um að hlutdeild í arði veiðifélaga skyldi metin út frá aðstöðu til veiða, bæði aðstöðu til netaveiði og aðstöðu til stangaveiði auk landlengdar, uppeldis og hrygningarskilyrða. Arðskrá hafi verið ætlað að jafna arði niður milli jarða með sanngjarnari hætti en þegar eingöngu var miðað við afla, enda hafði veiðin verið mest á netaveiðijörðunum. Stefnendur halda því fram að lögskýringargögn bendi ekki til þess að ganga hafi átt svo langt að meta vægi til aðstöðu til netaveiði minna en vægi aðstöðu til stangaveiði. Fyrstu arðskrárnar sem gerðar voru fyrir Miðfjarðará eftir gildistöku laganna hafi tekið tillit til þessara nýju sjónarmiða. Eftir gerð arðskrár 1963 telja stefnendur að jafnvægi hefði átt að vera náð og veiðiréttshafar ættu að hafa getað gengið út frá því að hlutdeild hvað varðar aðstöðu til veiði ætti að vera föst í sessi. Engu að síður hafi vægi aðstöðu til netaveiði skerst með arðskrá sem gerðar voru 1979 og 1988 þrátt fyrir að ekki hafi legið fyrir að breytingar hafi orðið á aðstöðu til veiði við Miðfjarðará frá árinu 1963. Í arðskránni frá 2006 sé um algjöran viðsnúning að ræða fyrir þær jarðir sem áður nutu hlutdeildar vegna aðstöðu til netaveiða. Yfirmatsmenn hafi ekki skýrt hvaða breytingar á aðstöðu til veiði skýri breytingarnar á arðskránni en það komi raunar ekki á óvart þar sem þeir beita allt annarri aðferð við matið en gert er ráð fyrir í 1. mgr. 50. gr. laga 76/1970. Stefnendur halda því fram að raunverulegar breytingar á aðstöðu til veiði verði að koma til en þar sem svo hafi ekki verið hafi ekki verið ástæða til að raska vægi aðstöðunnar frá því sem var í arðskránni frá 1988.

Máli sínu til stuðnings benda stefnendur á samninga sem gerðir hafa verið um leigu á rétti til netaveiða en af þeim megi ráða hversu mikils virði það sé fyrir arðsemi veiðifélaga að ekki sé veitt í net. Nefna þeir samninga vegna neta í Hvítá í Borgarfirði og á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár í Árnessýslu. Samið hafi verið um

greiðslu verulegra fjárhæða gegn því að ekki sé veitt í net en mat á aðstöðu til netaveiði til hlutdeildar í arðskrá fari ekki fram. Stefnendur benda á að aðstaður séu ekki þær sömu og í veiðifélagi þeirra. Varðandi Hvítá í Borgarfirði þá sé málum þannig háttað að þar sé veiðifélag um Hvítá þar sem netaveiði hefur verið stunduð en ekki sameiginlegt með bergvatnsánnum sem í hana renna. Í Ölfusá og Hvítá í Árnassýslu sé veiðifélag en þar ráðstafi veiðiréttarhafar sjálfir veiði fyrir sínu landi. Samningar um að ekki sé veitt í net í þessum ám sýni að aðstaða til netaveiði gengur kaupum og solum og er verðlögð út frá því mikilvægi fyrir stangveiðiárnar að ekki sé veitt í net. Þetta styðji síðan fullyrðingar stefnenda um að aðstaða til netaveiði skuli hafa mikið vægi í arðskrá og að arður af henni geti verið mikill þegar arðsemi veiðifélags sé mikil eins og í Miðfirði. Stefnendur halda því fram að við skoðun á samningi um að ekki sé veitt í net í Ölfusá megi ráða að verðmæti hvers lax sem ekki er veiddur í net sé 7.125 krónur. Tekjur veiðifélags Hvítár í Borgarfirði af því að veiða ekki í net hafi farið stighækkandi frá árinu 1991 en það ár hafi félagið fengið greiddar 9.550.000 krónur en á árinu 2006 16.818.025 krónur en meðaltal netaveiði í Hvítá hafi á árunum 1981 til 1990 verið 5.049 laxar. Stefnendur halda því fram að arður af aðstöðu til netaveiði fyrir landi jarða þeirra geti verið mun meiri en í samningum þeim sem getið er hér að framan og vísa þá til arðskrárinnar frá 1988. Jafnvel þótt verðmæti samninganna sé borið saman við arðskrána frá 2006 komi engu að síður í ljós að verðmæti aðstöðunnar til netaveiði sé metið lægra í arðskránni. Sem dæmi um þetta segja stefnendur að fyrir landi Stóra-Óss hafi að meðaltali verið veiddir 167,24 laxar á árunum 1909 til 1939. Ef ekki er tekið tillit til betri veiðitækja og miðað við sömu veiði og það verð sem greitt var fyrir laxinn í samningnum varðandi Hvítá í Árnassýslu þá sé verðmæti aðstöðu til netaveiði 1.191.585 krónur. Allur arður til jarðarinnar eftir gerð arðskrárinnar 2006 hafi hins vegar verið 784.800 krónur. Arður samkvæmt arðskránni frá 1988 hefði hins vegar verið 2.718.000 krónur sem sé nærri því að endurspeglar eðlilega hlutdeild jarðarinnar í arðskrá. Fyrir liggir hins vegar í matsgerð yfirmatsmanna að þeir afneiti einfaldlega samningum sem gerðir hafa verið um upptöku neta.

Stefnendur segja að algjör viðsnúningur hafi orðið á niðurjöfnun arðs í félaginu frá því sem var meðan arðskráin frá 1988 var í gildi. Arður Stóra-Óss hafi skerst um 71,1% en slíkt geti ekki falið annað í sér en ólögmæti arðskrárinnar. Þrátt fyrir allar þær upplýsingar sem til eru um verðmæti aðstöðu til netaveiði segi yfirmatsmenn í bréfi sem sent var sem frekari rökstuðningur fyrir matinu: „Verður ekki komist hjá því að horfast í augu við þá staðreynd að aðstaða, sem áður var mikils virði, er það ekki nú, hvað sem síðar kann að verða.“ Stefnendur halda því fram að í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 61/2006 megi sjá að frumvarpshöfundar dragi ályktanir um þróun skerðinga á aðstöðu til netaveiða m.a. út frá yfirmötum arðskráa frá seinni árum. Þessi yfirmöt hafi yfirleitt unnið sömu menn og gerðu yfirmat það sem nú er krafist ógildingar á. Matsmennirnir hafi því með árunum með ólögmætum og annarlegum forsendum sínum haft áhrif á löggjafann. Þó megi ráða af athugasemdunum að áhrifin eru óveruleg. Í frumvarpinu komi fram að reglur gildandi laga eigi að gilda áfram og þá komi einnig fram að vandasamt sé að breyta í grundvallaratriðum þeim forsendum sem arðskrárgerð hafi verið byggð á um langan aldur og sé undirstaðan í gildandi mötum. Í 41. gr. frumvarpsins sé síðan mælt fyrir um að taka skuli tillit til aðstöðu til netaveiði. Að mati stefnenda er fullvíst að niðurstaða yfirmatsmanna fái ekki samrýmst þessu ákvæði en með því sé útilokaður slíkur viðsnúningur sem í raun varð með arðskránni.

Stefnendur halda því fram að ef dómstólar fallist á aðferðarfræði yfirmatsmanna þá verði ekki hjá því komist að telja forsendur fyrir skylduaðild að veiðifélagi brostnar. Skylduaðildin byggist á því að félagsmenn standi sameiginlega að ráðstöfun veiðiréttar gegn hlutdeild í arði sem reiknuð er út í samræmi við framlag hverrar jarðar. Framlag jarðanna er reiknað út frá nokkrum mismunandi þáttum sem ber að meta sjálfstætt en þá megi sjá í 1. mgr. 50. gr. laga nr. 76/1970. Verði arðskráin látin halda gildi sínu sé um skerðingu á eignarréttindum stefnenda að ræða sem eigi sér enga hliðstæðu. Slík skerðing sé þá talin lögmæt án þess að við meðferð málsins hafi verið upplýst eða að því vikið hvernig aðstaðan til veiða við Miðfjarðará hafi breyst svo mikið frá arðskránni sem gerð var 1988 að það geti til dæmis leitt til 71,1% skerðingar arðs Stóra-Óss. Skerðingin teljist þá lögmæt þótt hún raski hlutdeild sem stefnendur hafi mátt treysta að þeir ættu og höfðu byggt rekstur jarða sinna á. Skerðingin teljist lögmæt þótt hún leiði til þess að verðmæti jarða stefnenda hafi lækkað verulega af þeirri ástæðu einni að yfirmatsmenn beita aðferð sem fer þvert á fyrirmæli 1. mgr. 50. gr. laga nr. 76/1970. Þá leiði þetta til þess að á næstu árum mun matsgerð þessi vera fordæmi fyrir lækkun eða nánast útrýmingu þessa þáttar úr arðskráum um allt land. Loks leiði staðfesting arðskrárinnar til þess að aðstaða til netaveiði sé nánast einskis virði á sama tíma og stangveiðifélög sjá sér hag í því að semja um upptöku neta til að auka fiskgengd gegn verulegu endurgjaldi.

Stefnendur halda því fram að tveir af þremur yfirmatsmönnum hafi verið vanhæfir til að framkvæma matið. Gera verði þá kröfu til matsmanna að þeir hafi staðið fyrir utan átök sem orðið hafa um mat á aðstöðu til netaveiða annars vegar og mat á aðstöðu til stangaveiða hins vegar. Þá verði að krefjast þess að matsmenn hafi ekki hagsmuna að gæta. Stefnendur halda því fram að yfirmatsmaðurinn Þorsteinn Þorsteinsson hafi tekið virkan þátt í störfum og samningum um verðmæti aðstöðu til netaveiði í Borgarfirði og gætt þar hagsmuna þeirra sem eiga rétt til stangaveiði. Þorsteinn hafi verið í forustu samtaka um upptöku neta í Hvítá í Borgarfirði og haldið því fram, sem formaður veiðifélags Grímsár og Tunguár, að verðmæti aðstöðunnar til netaveiði sé verulega ofmetið. Hann eigi sjálfur hálfu jörðina Skálpastaði í Borgarbyggð. Jörðin fái einingar fyrir aðstöðu til stangaveiði og því hafi hann beina hagsmuni af því að netaveiði hafi sem minnst vægi. Sveinbjörn Dagfinnsson hafi átt jörðina Kletti í Borgarbyggð þar til hann afsalaði henni til barna sinna á árinu 2002. Jörðinni Kletti hafi með sama hætti og Skálpastöðum verið metinn arður af aðstöðu til stangaveiði og því séu beinir hagsmunir fyrir eigendur jarðarinnar að aðstaða til netaveiði fái sem minnst vægi. Af þessu megi ráða að tveir af þremur yfirmatsmönnum séu nátengdir þeim hagsmunum sem fjallað er um í matinu auk þess að eiga beinna hagsmuna að gæta. Í skilningi stjórnsýsluréttar skipti ekki máli þótt það séu börn Sveinbjörns sem eigi hagsmunina, til þess séu þau of tengd yfirmatsmanninum. Þetta leiði til þess að hlutleysi þessara tveggja yfirmatsmanna megi draga í efa og það leiði til vanhæfis þeirra til að taka að sér matsstörf á þessum vettvangi. Af þessum sökum beri að taka kröfu stefnenda um ógildingu arðskrárinnar til greina.

Hvað lagarök varðar vísa stefnendur til laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991 og þá er krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun reist á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Af hálfu Veiðifélags Miðfirðinga er því haldið fram að málatilbúnaður stefnenda byggist á því að yfirmatsmenn hafi ekki gætt rétttra sjónarmiða við mat samkvæmt 1. mgr. 50. gr. laga nr. 76/1970. Þeir haldi því fram að með lögunum hafi staðið til að tryggja netaveiðijörðum hlutdeild í arði veiðifélagsins af sölu stangveiðileyfa. Þessi málatilbúnaður verði ekki skilinn öðruvísi en svo að stefnendur telji að í því felist að fjöldi eininga í arðskrá sem í þeirra hlut eigi að koma eigi að vera sem næst óbreyttur frá fyrri tíð eða að minnsta kosti óbreyttur frá arðskránni sem gerð var 1988. Leggja eigi að jöfnu þá veiði sem var í net fyrir netaveiðibann og þá veiði sem er á stöng í dag. Engu máli eigi að skipta þótt leigutekjur veiðifélagsins og þar með heildararðgreiðslur hafi stóraukist að verðgildi á síðustu árum eingöngu vegna aukinnar eftirspurnar eftir stangveiðileyfum.

Að mati hins stefnda veiðifélags kemur fram að matsmenn séu ósammála sjónarmiðum stefnenda. Þeir geri skýran greinarmun á aðstöðu til netaveiði og aðstöðu til stangaveiði við gerð matsins. Matsmenn hafi notast við staðreyndaveiði frá síðustu matsgerð þegar þeir mátu aðstöðu til stangaveiði en þegar þeir mátu aðstöðu til netaveiði hafi þeir kosið að líta til þess arðs sem þeir sem áður stunduðu slíka veiði hefðu fengið ef ekki hefði verið ákveðið að leggja netaveiði af á félagssvæðinu á sínum tíma. Yfirmatsmenn hafni því að stefnendur eig tilkall til þeirrar tekjuaukningar, umfram verðlagsbreytingar, sem orðið hefur hjá veiðifélaginu vegna stangaveiði. Þetta hafi leitt til þess að einingafjöldi stefnenda í arðskrá hafi lækkað frá fyrri mötum. Þess í stað hafi stefnendur fengið í sinn hlut einingar samsvarandi þeim arði sem þeir hefðu haft af því að stunda netaveiði. Veiðifélagið heldur því fram að þetta mat matsmanna sé byggt á lögmætum forsendum.

Stefndi segir stefnendur byggja á því að yfirmatsmenn hafi án lagaheimildar byggt á skaðabótasjónarmiðum er þeir mátu arðshluti þeirra í stað þess að ákvarða þeim sanngjarnan hlut í tekjum félagsins. Stefndi telur aftur á móti að yfirmatsmenn hafi við matsgerðina starfað samkvæmt lögum 76/1970, einkum XV. kafla laganna. Skýlausar heimildir séu í lögunum til að nota þær aðferðir sem matsmenn beittu við matið, hvort sem þær teljist byggðar á skaðabótasjónarmiðum eða öðru. Ekki sé unnt að setja fastar reglur um vægi allra þátta við gerð arðskrár en þar komi til mat til þess bærra manna. Stefndi kveðst taka undir með stefnendum að lögskýringargögn bendi til þess að beita skuli sjálfstæðu mati á hverjum einstökum þætti sem vísað er til í 1. mgr. 50. gr. laga nr. 76/1970. Hins vegar heldur stefndi því fram að ekki verði fallist á með stefnendum að við mat verði að meta framlag hverrar jarðar í þeim arði sem fengist fyrir sölu veiðileyfa óháð því að framlag þeirra jarða sem hafa góða aðstöðu til stangaveiði sé miklu verðmætara en framlag þeirra jarða sem hafa góða aðstöðu til netaveiði en sáralitla til stangaveiði.

Stefndi bendir á að í yfirmatsgerð komi fram að réttur til netaveiði sé jafngildur rétti til stangveiða og af þessu leiði að þær jarðir sem lagt hafa af netaveiði til hagsbóta fyrir heildina eigi að fá þann skaða bættan svo fremi að tekjur af stangaveiði sem komið hefur í stað netaveiði séu ekki meiri en þeim skaða nemi. Tillit hafi verið tekið til þess við gerð arðskrárinnar. Matsmenn hafi talið að aðstaða til netaveiða yrði ekki slitin úr samhengi við hvaða verðmætum sú aðstaða skilar. Matsmenn hafi ítarlega gert grein fyrir því að netaveiði skili sáralitlum verðmætum

í samanburði við stangaveiði. Í sérstöku bréfi til matsmanna til lögmanns stefnenda sé síðan rakið að gjörbylting hafi orðið að þessu leyti, og aldrei eins og á tímabilinu frá 1987 er arðskrá var síðast skipt í Veiðifélagi Miðfirðinga, og þá verði ekki komist hjá því að horfast í augu við þá staðreynd að aðstaða, sem áður var mikils virði, er það ekki nú, hvað sem síðar kann að verða.

Stefndi heldur því fram að stefnendur telji að matsmönnum hafi verið óheimilt að byggja á skaðabótasjónarmiðum við mat á aðstöðu til netaveiði. Þrátt fyrir það byggi þeir sjálfir á slíkum sjónarmiðum með því að vísa til þess að matsmönnum hafi borið að meta hvers virði það sé fyrir arðsemi veiðifélagsins að ekki skuli veitt í net. Í þessu sambandi hafi stefnendur vísað til samninga sem gerðir hafa verið um greiðslur til netabænda fyrir að leggja ekki net sín. Af þessu megi ráða að stefnendur telji að matsmönnum hafi borið að leggja mat á hver heildararður yrði af vatnasvæðinu ef þeir sinntu netaveiðum af fullum þunga en aðrir félagsmenn leigðu veiði til stangveiða fyrir jörðum sínum. Matsmenn hefðu þá væntanlega þurft að meta annars vegar ímyndaðar sölutekjur stefnenda af laxi sem þeir veiddu í net að frádregnum kostnaði og hins vegar sennilegar leigutekjur af stangaveiði sem myndu minnka verulega frá því sem nú er ef netaveiði yrði tekin upp á ný. Að þessu loknu ættu matsmenn að úthluta 400 einingum vegna aðstöðu til stanga- og netaveiða eftir áætluðum tekjum. Stefndi hafnar rökum sem þessum. Matsmenn geti ekki byggt útreikninga sína á öðru en fyrirbyggjandi staðreyndum og því hvernig þeir meta nú aðstöðu til stangveiða verðmætari en aðstöðu til netaveiða í veiðifélaginu. Ekkert annað liggja fyrir en að ákvörðun um að selja á leigu rétt til stangveiða á öllu félagssvæðinu hafi verið tekin með lögmætum hætti. Frjálsir samningar sem aðrir hafi gert breyti ekki þessari niðurstöðu. Þá hafnar stefndi því að aðstaða til netaveiði geti talist verðmætari vegna betri veiðitækja nú en áður var. Loks bendir stefndi á að samkvæmt 6. mgr. 41. gr. núgildandi laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 geti einstakir félagsmenn krafist endurskoðunar arðskrár átta árum eftir gildistöku hennar.

Varðandi kröfu stefnenda um ógildingu arðskrárinnar með þeim rökum að tveir matsmanna hafi verið vanhæfir bendir stefndi á að stefnendur hafi sönnunarbyrði fyrir því. Stefndur hafi ekki vísað til lagaraka varðandi meint vanhæfi þó svo að í stefnu sé vísað til stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 undir kaflanum um lagarök. Ætla verði að stefnendur byggi kröfu sína á 3. gr. stjórnarsýslulaga og þá megi af málatilbúnaði þeirra ráða að stefnendur telji að 5. töluliður nefndrar 3. gr. eigi við, sbr. 1. gr. laga nr. 49/2002, og matsmenn hafi haft sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta eða venslamenn þeirra ella séu til staðar aðrar ástæður sem dregið geti óhlutdrægni þeirra í efa, sbr. 6. tölulið 3. gr. nefndra laga. Stefndi heldur því fram að hvorki Þorsteinn Þorsteinsson né Sveinbjörn Dagfinnsson, eða venslamenn þeirra, hafi haft sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu matsins þannig að leitt gæti til vanhæfis þeirra. Hvorugur þeirra hafi haft nokkur slík tengsl við þá hagsmuni sem vörðuðu yfirmatið. Stefndi vísar til þess í þessu sambandi að arðgreiðslur til Skálpastaða við Grímsá eða Kletts við Reykjadalásá geti talist verulegar í þeim skilningi og hvað þá að breyting á arðskrá Veiðifélags Miðfirðinga geti leitt til verulegra breytinga á arðgreiðslum í þeim fiskihverfum sem nefndar jarðir tilheyra. Hafa verði í huga að Skálpastaðir hafi einungis 29,9 einingar af 1000 í arðskrár Veiðifélags Grímsár og Tunguár. Aðrar aðstæður við matið séu heldur ekki til þess fallnar að draga óhlutdrægni nefndra matsmanna í efa samkvæmt 6. tölulið 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga. Hliðstætt álitamál og hér er til umfjöllunar hafi ekki verið uppi í þeim veiðifélögum sem áður nefndar jarðir í eigu matsmanna eða

venslamanna þeirra eiga aðild að. Skálpastaðabændur hafi enga hagsmuni af því að netaveiði hafi sem minnst vægi í arðskrá Veiðifélags Miðfirðinga.

Stefndi bendir einnig á að engar athugasemdir voru gerðar við hæfi yfirmatsmanna á fyrsta fundi með þeim og félagsmönnum í stefnda hinn 5. maí 2005 en þann fund hafi sótt eigendur eða umboðsmenn allra jarða stefnenda að Saurum undanskildum. Stefndi heldur því fram að stefnendum hafi öllum verið kunnugt um að yfirmatsmaðurinn Þorsteinn Þorsteinsson væri eigandi Skálpastaða og um tengsl Sveinbjörns Dagfinnssonar við eigendur Kletts. Þá megi telja líklegt að stefnendur hafi þekkt aðkomu Þorsteins að upptöku neta í Hvítá í Borgarfirði. Einnig bendir stefndi á að einn stefnenda hafi tekið við formennsku af Þorsteini í Landssambandi veiðifélaga á árinu 1982 en þar hafi Þorsteinn sinnt formennsku í fimm ár og áður setið í stjórn í fjögur ár. Loks telur stefndi að þátttaka Þorsteins í samningum við netabændur í Hvítá fyrir hönd þeirra bergvatnsáa sem renna í Hvítá geti ekki gert hann vanhæfan til yfirmatsstarfa með þeim rökum að þau störf hans verði til þess að óhlutdrægni hans megi draga í efa. Þar hafi verið um að ræða frjálsa samninga milli sjálfstæðra veiðifélaga sem eigi ekkert skylt við niðurjöfnun arðs í veiðifélagi.

Þeir stefndu sem Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður gætir hagsmuna fyrir telja að málatilbúnaður stefnenda kunni að fara gegn ákvæðum 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála. Þannig sé í stefnu farið vítt og breitt yfir atvik og þætti sem varða tilurð og tilgang löggjafar um lax- og silungsveiði. Þá halda þeir því fram að ef kröfur stefnenda verða teknar til greina leiði það til þess að undirmat frá 6. nóvember 2004 öðlist gildi, enda ekki gerð krafa um ógildingu þess. Þetta leiði til þess að vandamál skapist varðandi lagaskil en eldri lög um lax- og silungsveiði frá árinu 1970 féllu úr gildi 1. júlí 2006 er ný lög með sama nafni komu í þeirra stað. Samkvæmt núgildandi lögum sé gert ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi við arðskrármöt, m.a. sé ekki lengur gert ráð fyrir sérstöku yfirmati. Að þessu sé ekki vikið í stefnu. Auk þessa benda stefndu á að í stefnu sé til dæmis fjallað um líklegar afleiðingar þess ef aðferð yfirmatsmanna verði staðfest af dómstólum. Umfjöllunin sé almenn og erfitt sé að átta sig á því hvort um eiginlega málsástæðu sé að ræða og þá undir hvaða lagaákvæði heimfæra eigi hana. Í umfjölluninni sé ekki vikið að því hvernig þetta geti leitt til ógildingar arðskrárinnar. Stefndu krefjast ekki frávísunar málsins en telja að dómurinn verði að meta hvort málinu skuli vísað frá án kröfu.

Stefndu halda því fram að aðstaðan til stangaveiði skapi þær tekjur sem veiðiréttareigendur hafi í dag af leigu vatnasvæðisins. Arðskrá félagsins taki réttilega mið af þessari aðstöðu ásamt þeim þáttum sem kveðið er á um í 1. mgr. 50. gr. laga 76/1970. Verðmæti fisks sem veiddur er á stöng sé sá mælikvarði eða aðstaða sem fyrst og fremst beri að leggja til grundvallar við gerð arðskrár. Óumdeilt sé að verðmæti fisks sem veiddur er í net sé sáralítið miðað við fisk sem veiddur er á stöng auk þess sem netabændur yrðu að bera kostnað af veiðunum. Þá halda stefndu því fram að stangaveiði hafi að verulegu leyti komið til þar sem áður var veitt í net og skaðinn, ef einhver var, þannig bættur viðkomandi veiðiréttarhöfum.

Stefndu halda því fram að við skiptingu í arðskrá verði aðstaða til netaveiði ekki slitin úr samhengi við það hvaða verðmætum hún skilar. Yfirmatsmenn hafi ítarlega

gert grein fyrir því hversu sáralitlum verðmætum netaveiði skili miðað við stangaveiði. Af þeim sökum sé ekki unnt að komast hjá því að leggja til grundvallar þá staðreynd að aðstaða, sem áður var nýtt, er ekki arðbær nú, hvað sem síðar kunnir að verða. Mikil breyting hafi aftur á móti orðið á verðgildi laxa sem veiddir eru á stöng og aldrei meiri en frá árinu 1987 er arðskrá var síðast gerð fyrir veiðifélagið og fram til ársins 2006. Í þessu sambandi vísa stefndu til upplýsinga sem Landssamband veiðifélaga hafi árlega tekið saman um veiðileigu og þróun hennar. Þar megi sjá að verðgildi hveirrar stangar í 1. flokki, en Miðfjarðará sé í þeim flokki, hafi hækkað að meðaltali um 271% frá árinu 1987. Frá sama ári hafi verð á hvern veiddan lax, miðað við árlega meðalveiði í 1. flokki í 5 ár, hækkað um 211%. Sambærileg hækkun milli árana 2005 og 2006 hafi verið 14,1%. Verð á veiddan lax árið 2006 miðað við meðalveiði 5 ára nam 28.618 krónum en tölur fyrir einstakar ár hafi verið á bilinu 17.334 krónur til 44.049 króna. Stefndu telja að þessar staðreyndir um hlutfallsbreytingu á verðgildi hveirrar seldrar stangar og reiknuðu kostnaðarverði hvers veidds lax segi allt sem segja þurfi og því sé óskiljanlegt að stefnendur telji arðskrána óréttláta miðað við þróunina sem orðið hefur. Stefndu benda á að raunvirði stangveiðiréttinda hljóti að taka mið af þeirri fjárhæð sem leigutaki er tilbúinn til að greiða fyrir leigu á öllu vatnasvæðinu. Fram hafi komið að árlegt leigugjald samkvæmt núgildandi leigusamningi sé 53.500.000 krónur. Af þeirri fjárhæð nemi leigugjald fyrir laxveiðiréttindi 92% en 3% komi til vegna silungsveiðiréttinda og 5% vegna leigu á veiðihúsi. Jarðir stefnenda séu allar á svæði þar sem veiddur er silungur.

Stefndu benda á að samkvæmt 1. mgr. 50. gr. laga 76/1970 beri matsmönnum meðal annars að meta þau verðmæti sem felast í aðstöðu til netaveiði til eininga í arðskrár. Stefndu halda því hins vegar fram að þess grundvallarmisskilnings gæti í stefnu að samkvæmt nefndu ákvæði hafi matsmönnum einnig borið að meta hvers virði það sé fyrir arðsemi veiðifélagsins að ekki skuli veitt í net fyrir landi jarða þeirra. Slíkt mat sé hvorki lögbundið né í neinu samræmi við það sem lagt verður til grundvallar við mat á veiðiréttindum. Í tilfelli Miðfjarðarár sé þetta mjög skýrt. Með lögfestingu laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957 hafi verið tekin sú ákvörðun að ekki mætti fjölga lögnum frá því sem verið hafði síðustu fimm ár fyrir gildistöku laganna. Þessi regla hafi síðan verið í lögum um lax- og silungsveiði og nú síðast í 5. mgr. 28. gr. laga nr. 61/2006. Í samræmi við ákvörðun félagsfundar í Veiðifélagi Miðfjarðarár frá árinu 1938 hefur ekki verið veitt í net í ánni frá árinu 1939. Þegar af þeirri ástæðu sé ótæk sú aðferð sem stefnendur telja að matsmönnum hafi borið að hafa að leidarljósi við mat sitt. Veiði með föstum veiðivélum verði einfaldlega ekki tekin upp að nýju í Miðfjarðará að óbreyttum lögum og því skipti ekki máli hvert sé hugsanlegt magn fiska sem stefnendur hefðu getað veitt í net.

Stefndu halda því fram að með vísan til þess sem að framan er rakið um bann við notkun fastra veiðivéla á vatnasvæðinu og fjölgun lagna frá því sem hafði verið síðustu 5 ár fyrir gildistöku laga nr. 53/1957 séu tilvísanir stefnenda til samninga um kaup á rétti til netaveiða í öðrum ám haldlausar. Þar fyrir utan sé þar um að ræða lögskipti milli aðila sem ekki eru innan sama veiðifélags. Þá verði virkur réttur til netaveiði eins og um ræðir í þeim tilvikum sem stefnendur vísa til ekki borinn saman við þá stöðu sem uppi er í Veiðifélagi Miðfirðinga en þar hafi netaveiði lagst af árið 1939. Augljóst sé því að aðstaða til netaveiði geti ekki lengur haft raunverulegt vægi við gerð arðskrár. Af þessum sökum hafi það enga þýðingu að velja vöngum yfir því hvaða áhrif það hefði fyrir ímynd vatnasvæðisins og

verðmæti þess ef tekin yrði upp netaveiði í dag. Tilvitnaðir samningar um upptöku neta eigi hvorki að vera viðmið við ákvörðun arðs til handa veiðiréttareigendum fyrir það að veiða ekki með netum né geti þeir orðið grundvöllur þeirrar dómkröfu sem stefnendur hafa uppi í málinu. Auk þessa benda stefndu á að fjárhæðir sem greiddar eru fyrir upptöku netanna í nefndum samningum séu lítið hlutfall af heildarfjárhæð sem greidd er fyrir leigu á stangveiðirétti þeirra laxveiðiáa sem samningarnir hafa áhrif á. Stefndu halda því fram að niðurstaðan af þessu sé sú að enginn virkur netaveiðiréttur sé lengur til staðar í Miðfjarðará og því hafi yfirmatsmenn teygt sig mjög til móts við sjónarmið stefnenda við mat á aðstöðu til netaveiði fyrir jörðum þeirra.

Stefndu reisa kröfur sínar einnig á því að yfirmatsgerð sé að efni og formi í fullu samræmi við ákvæði þágildandi laga um lax- og silungsveiði og því engin ástæða til að ógilda arðskrána. Stefndu mótmæla því sem röngu að yfirmatsmenn hafi gefið sér ólögmetar forsendur við matið. Ákvæði 1. mgr. 50. gr. laga nr. 76/1970 veiti matsmönnum nokkurt svigrúm og þeir séu ekki bundnir við fyrirfram gefnar forsendur. Telja stefndu að gagnrýni stefnenda á aðferðir og forsendur yfirmatsmanna sé haldlaus og án lagastöðar.

Stefndu halda því fram að arður stefnenda af jörðum sínum sem liggja að ósasvæði Miðfjarðarár sé meiri en nemur meintu tjóni eða töpuðum hagnaði af því að netaveiði hefur verið lögð niður á öllu vatnasvæðinu. Þannig sé þeim jörðum sem nú fá meiri tekjur af stangveiðihlunnindum en nemur ætluðum tekjum af nýtingu netahlunninda ekki unnt að gera kröfu um frekari arðshlut. Þegar af þeirri ástæðu sé ekki rétt að taka dómkröfur stefnenda til greina.

Stefndu halda því jafnframt fram að það sé ekki ógildingarástæða þótt hlutfallslega meiri lækkun hafi orðið hjá stefnendum en öðrum veiðiréttarhöfum í núgildandi arðskrá frá því sem áður var. Yfirmatsmenn hafi gert grein fyrir þeim ástæðum sem leiddu til niðurstöðu mats þeirra en stefndu halda því fram að matið hafi verið í samræmi við lög nr. 76/1970. Að mati stefndu er ósanngjarnt að leggja eldri mót til grundvallar í hvert skipti sem ný arðskrá er gerð, enda væri þá ekki verið að gera nýja arðskrá á raunverulegu nýju og sjálfstæðu mati á verðmætum veiðiréttinda. Stefndu halda því jafnframt fram að ekki sé til nein hefð sem fara beri eftir við ákvörðun um vægi þeirra þátta sem leggja skuli til grundvallar við niðurrjöfnun arðs. Þá sé matsgerð vegna arðskrárinnar frá 1987 örökstudd og enginn stórisannleikur í málinu eins og stefnendur virðast halda.

Stefndu halda því fram að ef hver veiðiréttarhafi seldi sjálfur veiðileyfi fyrir sínu landi, sbr. heimild í 1. mgr. 44. gr. laga nr. 76/1970, þá sé ólíklegt að mikil eftirspurn yrði eftir veiðileyfum hjá stefnendum. Lítil sem enginn lax hafi veiðst þar á stöng undanfarna áratugi og svæðið að stærstum hluta leigt út til silungsveiði. Því yrðu tekjur stefnenda vegna sölu á leyfum nánast eingöngu vegna silungsveiði. Stefndu byggja einnig á því að stefnendur hafi ekki sannað eða gert líklegt að þeir hafi orðið fyrir aukinni skerðingu við niðurrjöfnun arðs af veiði samkvæmt hinni umdeildu arðskrá. Með réttu megi halda því fram að ef arðskrá væri ekki til staðar væri veiðiréttur fyrir landi jarða stefnenda nánast verðlaus og eru stefndu þá að horfa til þess að netaveiði sé óarðbær og engin sönnuð eftirspurn sé eftir slíkri veiði sem sportveiði.

Stefndu telja að aðferð sú sem yfirmatsmenn nota leiði til þess að stefnendur verði skaðlausir þannig að þeir fái ekki minni arð fyrir aðstöðu til netaveiði en núvirkisreiknaðar fjárhæðir, í samræmi við tilgang og orðalag 1. mgr. 50. gr. laga nr. 76/1970. Í matinu sé rík áhersla lögð á að bæta meintan skaða þeirra sem hætt hafi laxveiðum í net og með því sé skilyrðum nefndrar greinar fullnægt. Stefndu segja málatilbúnað stefnenda um það hvernig meta skuli aðstöðu til netaveiði óljósan og óútskýrðan en þeir telja að aðstaðan verði ekki metin nema í samhengi við þá hagsmuni sem hún sannanlega skilar eða gæti skilað. Stefndur fullyrði ranglega að óheimilt sé að beita viðmiðum af vettvangi skaðabótaréttar við matið. Stefndu mótmæla því sem röngu að aðferð yfirmatsmanna leiði til þess að þeir sem eru í veiðifélagi með réttindi sem felast fyrst og fremst í aðstöðu til netaveiði fái veiðirétt sinn ekki metinn sem verðmæti sem skapa arð í félaginu. Að mati stefndu öðlist þeir þvert á móti aukna hlutdeild og frekari verðmæti en ella væri á grundvelli þeirra eininga sem arðskráin gerir ráð fyrir.

Af hálfu stefndu er bent á að málatilbúnaður reistur á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar verði að styðjast við marktæk gögn. Í þessu tilfelli varðandi fjárhagslegt tjón viðkomandi handhafa veiðiréttar. Að mati stefndu er vandséð að um slíkt geti verið að ræða hér þar sem netaveiði á laxi sé óarðbær, ekki síst í samkeppni við mjög arðbæra stangaveiði. Telja stefndu ljóst að með arðskránni sé ekki verið að skerða hagsmuni þeirra jarða sem nutu netaveiðihlunninda heldur eingöngu verið að samræma þýðingu þeirra í veruleikanum, enda verði arðskrármat að endurspeglu þann raunveruleika sem staðið er frammi fyrir við ráðstöfun arðs sem sameiginleg auðlind árinna, laxinn, gefur af sér. Með vísan til þeirra sjónarmiða sem að framan eru rakin telja stefndu ekki vera efni til að ógilda arðskrána vegna þess að aðferð yfirmatsmanna hafi ekki verið í samræmi við tilgang 1. mgr. 50. gr. laga nr. 76/1970.

Stefndu byggja á því, varðandi jörðina Litla-Ós, að netaveiðiréttindi hennar hafi verið tekin eignarnámi árið 1940 í þágu veiðifélagsins og eigendum hennar þá bættur sá skaði að fullu. Þegar af þeirri ástæðu eigi málsástæður stefnenda sem lúta að einingum vegna netaveiðiréttar þeirrar jarðar ekki við en ekki verði annað séð en að Litla-Ósi hafi ranglega verið úthlutað einingum í arðskrá eða fyrir mistök.

Stefndu mótmæla fullyrðingum stefnenda þess efnis að tveir af þremur yfirmatsmönnum hafi verið vanhæfir og að það geti leitt til ógildingar arðskrárinnar. Stefndu byggja á því að stjórnarsýslulög nr. 37/1993 gildi ekki um málsmeðferð nefndarinnar í máli þessu. Í lögum nr. 76/1970 hafi ekki verið vikið að hæfisreglum nefndarmanna og ekkert rætt um hæfisreglur stjórnarsýsluréttar í frumvarpi til þeirra laga eða við síðari breytingar á þeim. Þá hafi stjórnarsýslulög ekki tekið gildi þegar lög nr. 76/1970 voru sett. Í nógildandi lögum um lax- og silungsveiði teljist matsnefndin sjálfstæð stjórnarsýslunefnd. Í eldri lögum hafi hins vegar verið gert ráð fyrir dómkvaðningu matsmanna og síðan var heimilt að skjóta mati þeirra til ráðherraskipaðrar yfirmatsnefndar. Þar hafi ekkert verið minnst á almennar stjórnarsýslureglur og hæfisreglur. Telja stefndu að af þessu megi gagnálykta á þann veg að stjórnarsýslulögin gildi ekki um málsmeðferð yfirmatsnefndar samkvæmt lögum nr. 76/1970.

Fallist dómurinn á að hæfisreglur stjórnarsýslulaga hafi gilt um yfirmatsmenn byggja stefndu á því að þeir hafi ekki verið vanhæfir í skilningi þeirra laga. Ætla verði að

stefnendur reisi kröfur sínar á 5. og eða 6. tl. 1. mgr. 3. gr. stjórnáráðslulaga þó svo að það verði ekki með vissu ráðið af stefnu. Í athugasemdum með frumvarpi til stjórnáráðslulaga komi fram að til að starfsmaður teljist vanhæfur á grundvelli 6. tl. 3. gr. verði yfirleitt að gera þá kröfu að hann eigi einstaklega hagsmuna að gæta af úrlausn málsins, svo sem ágóða, taps eða óhagræðis.

Varðandi hæfi Þorsteins Þorsteinssonar segja stefndu að með óyggjandi hætti sé hægt að halda því fram að hann hafi ekki einstaklega eða sérlega hagsmuni af úrlausn málsins vegna veiðiréttar hans í Grímsá og Tunguá. Þá sé eðli og vægi hagsmunanna þannig að ekki sé hætta á ómálefnalegum sjónarmiðum. Einnig benda stefndu á að í því veiðifélagi sem Þorsteinn á aðild að hafi netaveiðiréttindi ekki komið til mats. Stefndu telja einnig að undantekning í 2. mgr. 3. gr. stjórnáráðslulaga eigi við í tilviki Þorsteins þar sem langsótt sé að veiðiréttindi hans í annarri veiðiá annars staðar á landinu geti gert hann vanhæfan til að fjalla um arðskrá í öðru ótengdu veiðifélagi. Því hafi engin hætta verið á að ómálefnaleg sjónarmið hefðu áhrif á úrlausn málsins. Verði talið að aðild Þorsteins að veiðifélagi leiði til vanhæfis hans þýði það að allir þeir sem eru í veiðifélögum séu það líka. Í þessu sambandi benda stefndu á að í núgildandi lögum sé Landssambandi veiðifélaga gert að tilnefna einn þriggja matsmanna í matsnefnd. Af því megi ráða að löggjafinn telji aðild að veiðifélagi ekki leiða til vanhæfis við starf sem þetta. Þá benda stefndu einnig á athugasemdir með frumvarpi til stjórnáráðslulaga, þar sem tekið er fram að þegar sett eru lög þar sem beinlínis er gert ráð fyrir að fulltrúar tiltekinnar hagsmunaaðila eigi sæti í stjórnáráðslunefnd, er gengið út frá því að hagsmunir, sem ætla má að félagsmenn hafi almennt, geti aldrei leitt til vanhæfis hjá umræddum nefndarmönnum einir og sér. Stefndu byggja jafnframt á því að aðkoma Þorsteins að samningsgerð um upptöku neta á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði geti ekki leitt til vanhæfis hans. Aldrei hafi verið gerð arðskrá í heild fyrir vatnasvæðið en veiðifélög og/eða leigutakar bergvatnsáanna hafa samið við veiðifélag netabænda í Hvítá um að þeir veiddu ekki í net. Með þessum frjálsum samningum hafi aðilar leitað eftir hagkvæmri niðurstöðu hvor um sig. Samningarnir hafi síðan áhrif á greiðslu arðs í veiðifélögunum en alls engin á arðskrár viðkomandi veiðifélaga. Telja stefndu því ljóst að aðkoma Þorsteins að þessum samningum geti ekki leitt til vanhæfis hans, enda ekki til staðar einstaklegir eða sérstakir hagsmunir.

Varðandi matsmanninn Sveinbjörn Dagfinnsson er því haldið fram af hálfu stefndu að útilokað sé að hann geti talist vanhæfur þar sem tengsl hann við málið séu enn fjarlægari og langsóttari en í tilviki Þorsteins. Jörðin Klettur í Borgarbyggð fái sáralitlar greiðslur vegna arðs af Reykjadalssá en hún hafi verið í eigu barna Sveinbjörns frá árinu 2001. Af þessu megi ráða að Sveinbjörn eigi engra fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Tengsl hans við málið séu bæði almenn og fjarlæg og hann hafi ekki nokkra einstaklega hagsmuni af úrlausn málsins og hann geti því alls ekki talist vanhæfur.

Auk þessa byggja stefndu á því að athugasemdir um vanhæfi umræddra yfirmatsmanna hafi komið of seint fram. Á almennum fundi í Veiðifélagi Miðfirðinga, sem haldinn var hinn 8. maí 2005, hafi þess verið sérstaklega óskað að gerðar yrðu athugasemdir við hæfi yfirmatsmanna ef einhverjar væru. Engar athugasemdir hafi þá komið fram. Þá hafi heldur ekki komið fram athugasemdir á fundi matsmannanna Þorsteins og Sveinbjörns sem haldinn var með nokkrum stefnenda hinn 10. maí 2006.

Loks halda stefndu því fram að fullyrðingar stefnenda þess efnis að yfirmatsmenn hafi með árunum náð, með ólögsmætum og annarlegum forsendum í matsgerðum sínum, að hafa áhrif á löggjafann séu fráleitir og rangar. Raunar séu staðhæfingar af þessu tagi svo fjarstæðukenndar að þær geri málatilbúnað stefnenda ótrúverðugan í heild sinni.

Hvað lagarök varðar vísa stefndu til laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, einkum 1. mgr. 50. gr. laganna, sem og gildandi laga um sama efni nr. 61/2006. Einnig vísa þeir til stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað úr hendi stefnenda er reist á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndu Með ehf. og Kirkjumálasjóður (áður Prestsetrasjóður) krefjast þess að kröfum stefnenda verði hafnað og að stefndu verði sýknuð af kröfum stefnenda. Þá krefjast þau þess að stefnendum verði sameiginlega gert að greiða hvoru um sig málskostnað að mati dómsins.

Stefndu benda á að stefnendur byggji kröfu sína um ógildingu yfirmatsins á tveimur málsástæðum. Annars vegar á því að aðferð og forsendur útreiknings við mat á aðstöðu til netaveiði sé ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 76/1970 og hins vegar á því að tveir yfirmatsmanna hafi verið vanhæfir. Stefndu halda því fram að stefnendur beri sönnunarbyrði fyrir fullyrðingum sínum um að arðskrármatinu hafi verið áfátt. Að mati stefndu hafa stefnendur ekki fært fram haldbær rök fyrir því að rangar forsendur hafi verið lagðar til grundvallar við útreikninga og mat á aðstöðu til netaveiði. Þá hafi stefnendur heldur ekki sýnt fram á vanhæfi yfirmatsmanna.

Varðandi útreikninga og forsendur matsmanna vísa stefndu til upplýsinga sem fram koma í matsgerðinni sjálfri. Þar komi m.a. fram að netaveiði hafi verið mikil fyrir stofnun veiðifélagsins og margir veiðiréttarhafar hafi krafist þess að tillit yrði tekið til þessarar aðstöðu við skiptingu arðs. Þá segi einnig að ljóst sé að réttur til netaveiði sé jafngildur rétti til stangaveiði og af því leiði að þær jarðir sem lagt hafi af netaveiði til hagsbóta fyrir heildina eigi að fá þann skaða bættan svo fremi sem þær tekjur séu hærri en nemur skaðanum. Yfirmatsmenn segi í mati sínu að ekki verði horft fram hjá því að verðmæti netafisks sé nú sáralítið í samanburði við verðmæti fisks sem veiddur er á stöng. Auk þess sem veiðiréttarhafar yrðu sjálfir að bera kostnað sem netaveiði fylgir og þar fyrir utan njóti þeir aukinna tekna veiðifélagsins sem fylgir aukinni stangaveiði. Nú hafi stangaveiði komið til þar sem áður var veitt í net og hafi skaðinn þannig verið bættur og sé þeim jörðum sem nú fái meiri tekjur af stangaveiði en nemur ætluðum tekjum af nýtingu netaveiðihlunninda því ekki reiknaðar neinar bætur.

Stefndu benda einnig á að lögmaður stefnenda hafi krafist sérstaks rökstuðnings varðandi útreikninga yfirmatsnefndarinnar fyrir hönd eigenda Barðs. Stefndu eru sammála rökum þeim sem fram koma í svarbréfi eins nefndarmanna, þar sem sjónarmið og rök nefndarinnar fyrir niðurstöðu hennar eru skýrð enn frekar, og sjónarmiðum málsaðila á borð við að taka eigi sanngjarnt tillit til mismunandi veiðiaðferða og að aðstaða til netaveiði skipti miklu, er vísað á bug sem haldlausum. Frá því sé réttilega greint af hálfu yfirmatsmanna að við skiptingu arðs

verði aðstaða til netaveiði ekki slitin úr samhengi við það hvaða verðmætum slík aðstaða geti skilað.

Stefndu eru ósammála stefnendum um að yfirmatsmenn hafi án lagaheimilda byggt mat á arði til stefnenda á skaðabótasjónarmiðum. Þvert á móti halda stefndu því fram að yfirmatsmenn hafi hagað matsstörfum sínum að fullu og öllu í samræmi við lögmahtar heimildir laga nr. 76/1970 og því séu engin rök til að ógilda arðskrána. Matsmenn hafi tekið tillit til allra þeirra atriða sem getið er í 50. gr. laga nr. 76/1970, þar á meðal aðstöðu til veiði sem yfirmatsmenn hafi rækilega skýrt út hvernig þeir mátu.

Stefndu telja fráleitt að yfirmatsmennirnir Þorsteinn Þorsteinsson og Sveinbjörn Dagfinnsson hafi verið vanhæfir líkt og stefnendur halda fram. Stefnendur vísi til stjórnarsýslulaga í þessu efni en útlisti ekki nánar á hvaða ákvæðum laganna þeir byggi mál sitt. Stefnendur haldi því fram að Þorsteinn sé vanhæfur vegna þess að hann eigi jörðina Skálpastaði í Borgarfirði og gæti hagsmuna stangveiðiréttinda í Grímsá. Þá hafi hann verið í forystu samtaka um upptöku neta á Hvítá. Hvað Sveinbjörn varði sé á því byggt að hann hafi átt jörðina Klett í Borgarfirði til ársins 2002 og þeirri jörð líkt og Skálpastöðum hafi verið metinn arður af aðstöðu til stangaveiði og því séu beinir hagsmunir fyrir eigendur jarðanna að aðstaða til netaveiði fái sem minnst vægi. Hæfi nefndra matsmanna dragi stefnendur í efa vegna tengsla þeirra við þá hagsmuni sem um er fjallað í matinu sem leiði til vanhæfis þeirra með þeim afleiðingum að ógilda beri arðskrána. Stefnendur hafna alfarið sjónarmiðum stefnenda og telja ómögulegt að ætla að nefndir matsmenn hafi haft sérstakra eða verulegra hagsmuna að gæta en slíkt sé grundvallarskilyrði fyrir því að hin umþrætta arðskrá verði ógilt með dómi. Stefnendur ætla að stefnendur reisi kröfur sínar á 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 en samkvæmt 5. tl. 3. gr. sé nefndarmaður vanhæfur til meðferðar máls ef hann eigi sjálfur sérstakra eða verulegra hagsmuna að gæta. Stefnendur segjast ekki geta séð að matsmenn hefðu með gerð arðskrár fyrir Veiðifélag Miðfirðinga haft áhrif á arðgreiðslur til veiðiréttarhafa í Grímsá og því fiskhverfi sem jörðin Klettur tilheyrir. Að mati stefndu eru engar þær aðstæður í þessu máli að nefnd ákvæði stjórnarsýslulaga eigi við og því beri að hafna kröfum stefnenda um ógildingu arðskrárinnar vegna vanhæfis tveggja matsmanna.

Hvað lagaákvæði varðar vísa stefndu til laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, sbr. nú lög 61/2006, svo og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Krafa um málskostnað er reist á 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Stefndi Kvísl ehf. tekur undir sjónarmið stefnenda um að vanhæfi tveggja yfirmatsmanna leiði til þess að arðskrána beri að ógilda. Stefnendur haldi því fram að enginn vafi megi vera um hlutleysi yfirmatsmanna, jafnvel þótt þeir hafi ekki átt beinna hagsmuna að gæta við arðskrármatið verði ekki litið fram hjá því að þeir hafi átt hagsmuna að gæta við svipaðar aðstæður og hér voru uppi. Annar sem jarðeigandi og hinn nátengdur eigendum jarðar í Borgarfirði þar sem miklar deilur hafa staðið milli stangveiðijarða og netabænda.

Stefndi telur ótvírætt að við gerð arðskrár beri m.a. að taka tillit til aðstöðu til stangaveiði og aðstöðu til netaveiði. Í þessu sambandi bendir stefndi á að

athyglisvert sé að í 1. mgr. 50. gr. laga nr. 76/1970 sé ekki talað um veiðimagn eða áætlað veiðimagn eins og verið hafði frá tíð fyrstu laga um lax- og silungsveiði frá árinu 1932. Orðalagið um aðstöðu til stangaveiði og aðstöðu til netaveiði, sem staðið hefur óbreytt í lax- og silungsveiðilögum frá 1970, gefi skýrt til kynna að ætlan löggjafans sé ekki að við arðskrármát sé verið að eltast við veiðitölur einstakra veiðistaða eða einstakra ára, heldur miklu frekar að leggja til grundvallar almennri sjónarmið sem geta engan veginn leitt til svo stórkostlegra breytinga í hlutdeild einstakra jarða sem raun varð á í umþrættari arðskrá. Skerðing í arðskránni á tímabilinu 1988 til 2006 um 50% til 83% eins og dæmi eru um eða aukning hlutdeildar frá 45% til 133% á sama tíma geti varla talist í samræmi við ákvæði laga nr. 76/1970, þegar ekki sé vitað um neinar meiri háttar breytingar á veiðisvæðinu að frátöldum laxastiga í Austurá. Meðaltalsskerðing veiðiréttarhafa neðan stigans ætti að hámarki að nema 12%.

Stefndi bendir á að netaveiði hafi verið lögð af í Miðfjarðará árið 1939 og í fyrri arðskrármötum hafi aðstaða til netaveiði verið metin til þeirra jarða sem hættu laxveiðum í net. Þótt viðurkennt sé að hlutfallslegt verðmæti netaveiði hafi minnkað frá 1939 og sú þróun hafi að nokkru komið fram í fyrri arðskrármötum, síðast 1988, þá sé ljóst að verðmæti aðstöðunnar sé engu minna en við síðasta arðskrármát. Netaveiði hafi verið og sé hluti eignarréttinda viðkomandi jarða. Jarðeigendur hafi fórnað allnokkru til hagsbóta fyrir stangaveiði á öllu vatnasvæðinu þegar þeir hættu netaveiðum árið 1939. Því sé sanngjarnt og raunar lögbundið að áfram verði metinn arður vegna þessara eignarréttinda. Þá bendir stefndi á að annars staðar á landinu, þar sem netaveiði hefur verið aflögð með samningum, hafi endurgjald á síðustu árum oft verið 10% til 15% af heildarleigutekjum.

Stefndi telur að það samrýmist ekki ákvæði 1. mgr. 50. gr. laga nr. 76/1970 að leggja til grundvallar arðskrármáti að þeim jörðum sem nú fá meiri tekjur af stangveiðihlunnindum en nemur ætluðum tekjum af nýtingu netahlunnindanna séu ekki reiknaðar neinar bætur þeirra vegna en tekjumatið sé byggt á því að ætlaðar tekjur af hverjum netaveiddum laxi séu 1.575 krónur. Nærtækara væri að reikna verðmæti hvers netaveidds lax á sama verði og lax sem veiddur er á stöng, enda hafi hann þá verið gefinn eftir til stangaveiði.

Hvað lagarök varðar vísar stefndi til laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, sbr. nógildandi lög nr. 61/2006, stjórnarsýslulaga og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Málskostnaðarkrafa er byggð á XXI. nefndra laga nr. 91/1991.

Eins og áður er rakið gera stefndu Lífsval ehf., Heiðrún Brynja Guðmundsdóttir, Þorvaldur Pálsson, Eggert Pálsson, Anna Axelsdóttir, Axel Sigurgeirsson, Rafn Benediktsson, Magnús Guðmundsson, Sigvaldi Sigurjónsson, Benedikt Björnsson, Bjarney Alda Benediktsdóttir, Pétur Hafsteinn Sigurvaldason, Húnaþing vestra, Guðfinna Kristín Ólafsdóttir og Þórarinn Óli Rafnsson ekki aðrar kröfur í málinu en að þau verði ekki dæmd til greiðslu málskostnaðar. Af hálfu Guðfinnu Kristínar og Þórarins Óla var ekki skilað greinargerð en krafan kom fram við munnlegan flutning málsins.

V

Niðurstaða

Stefna er ekki í samræmi við ákvæði 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þar er til dæmis langur óþarfur kafli um þróun löggjafar um veiðifélag og arðskrár. Þá skortir nokkuð á að málsástæður séu nægilega skýrar, einkum er varðar hæfi yfirmatsmanna svo og hugleiðingar stefnenda um almennar afleiðingar þess að aðferð yfirmatsmanna verði staðfest af dómstólum. Þrátt fyrir þessa annmarka á stefnu þykja ekki efni til að vísa málinu frá dómi án kröfu.

Eins og ítarlega er rakið hér að framan snýst ágreiningur aðila aðallega um það hvort yfirmatsmenn hafi við gerð nýrrar arðskrár fyrir veiðifélagið beitt lögmætum sjónarmiðum við mat á aðstöðu til netaveiði fyrir landi jarða stefnenda. Auk þessa er því haldið fram af stefnendum að tveir þriggja yfirmatsmanna hafi verið vanhæfir.

Þegar hið umþrætta yfirmat fór fram voru í gildi lög nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði en núgildandi lög um lax- og silungsveiði eru nr. 61/2006. Í 1. mgr. 50. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970 er mælt fyrir um hvernig veiði eða arði skuli skipt milli félagsmanna en þar segir m.a.: „Við niðurjöfnun veiði eða arðs af henni skal m.a. taka tillit til aðstöðu við netjaveiði og stangarveiði, landlengdar að veiðivatni, til hrygningarskilyrða og uppeldisskilyrða fisks.“ Í yfirmati því sem nú er krafist ógildingar á er fjallað um þessi atriði og í tölusettum liðum er fjallað almennt um skiptingu arðs, landlengd, aðstöðu til stangaveiði og netaveiði og loks um uppeldis- og hrygningarskilyrði.

Yfirmatsmenn ákváðu að heildarfjöldi eininga, sem síðan er skipt milli veiðiréttarhafa, skuli vera 1.000. Í yfirmatinu er þessum 1.000 einingum síðan skipt í þrjá hluta. Í fyrsta lagi er 300 einingum skipt milli veiðiréttareigenda í samræmi við landlengd að vatnsföllum á félagssvæðinu. Í öðru lagi er 400 einingum úthlutað vegna stangaveiði á öllu félagssvæðinu og að nokkru einnig vegna aðstöðu til netaveiði og veiðibanns á friðunarsvæði. Loks er 300 einingum skipt milli veiðiréttarhafa vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða. Í máli þessu gera stefnendur ekki athugasemdir við niðurstöðu yfirmatsmanna varðandi skiptingu eininga milli veiðiréttarhafa vegna landlengdar eða vegna uppeldis- og hrygningarskilyrða. Yfirmatsmenn gera síðan í mati sínu ítarlega grein fyrir því hvernig þeir skipta einingum milli jarða vegna hvers þáttar fyrir sig.

Í títtnefndri yfirmatsgerð er réttilega tekið fram að réttur til netaveiði sé jafngildur rétti til stangaveiði. Yfirmatsmenn komast að þeirri niðurstöðu að jörðum sem lagt hafa af netaveiði til hagsbóta fyrir heildina beri að fá þann skaða bættan svo fremi sem tekjur af stangaveiði, sem komið hafa í stað netaveiði, séu ekki meiri en þeim skaða nemur. Til að meta tjón þeirra jarða sé sem lagt hafa af netaveiði nota yfirmatsmenn upplýsingar um fjölda fiska sem veiddir voru í net á ákveðnu tímabili. Framreikna síðan verðmæti aflans miðað áætlaða meðalþyngd og ætlaðan hagnað af hverju kíló. Að teknu tilliti til þessa komast yfirmatsmenn að þeirri niðurstöðu að einungis þrjár jarðir eigi rétt til bóta vegna þessa og að rétt sé að úthluta 10 einingum til þeirra vegna aðstöðu til netaveiði. Stefnendur telja þessa aðferð yfirmatsmanna ólögmeða en þeir telja að yfirmatsmönnum hafi verið óheimilt að beita sjónarmiðum um skaðabætur þegar þeir lögðu mat á aðstöðu til netaveiði. Stefnendur hafa hins vegar í málatalbúnaði sínum talið aðferð yfirmatsmanna lögmæta og fallist á röksemdir þeirra og gert að sínum. Áður eru rakin ákvæði 1. mgr. 50. gr. þágildandi laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 en

Í greininni eru nefnd nokkur atriði sem taka ber tillit til við gerð arðskrár en þau eru þar ekki tæmandi talin né heldur mælt fyrir um vægi einstakra atriða. Þvert á móti er það í verkahring matsmanna að ákvarða vægi einstakra þátta eftir aðstæðum hverju sinni. Verður því ekki annað séð en matsmenn hafi haft skýlausa lagaheimild til að meta aðstöðu til netaveiði með þeim hætti sem gert var. Ekki verður séð að þróun veiðitækja við netaveiði skipti hér máli svo nokkru nemi varðandi hugsanlegan hagnað af netaveiði.

Af málatilbúnaði stefnenda verður ekki annað ráðið en að í raun séu þeir að krefjast aukinnar hlutdeildar í arði veiðifélagsins fyrir það að veiða ekki í net og halda því fram að með því séu þeir að auka arð félagsins alls. Augljóslega má ætla að minni tekjur fengjust af leigu árinna til stangaveiði ef fiskur væri veiddur í net fyrir löndum stefnenda. Hins vegar er líka ljóst að hagnaður stefnenda af netaveiði yrði ekki mikill þegar tekið hefur verið tillit til kostnaðar sem þeir hefðu af veiðinni. Þá verður að fallast á sjónarmið yfirmatsmanna og stefndu þess efnis að ekki verði framhjá því horft að verðmæti netafisks sé nú sáralítið í samanburði við fisk sem veiddur er á stöng. Af gögnum málsins má ráða að gjörbreyting hafi orðið á verðmæti þessara þátta hin síðari ár en tekjur af stangaveiði hafa hækkað mjög mikið meðan lítil ef nokkur hækkun hefur orðið á verðmæti fisks sem veiddur er í net. Að þessu virtu er augljóst að stefnendur fá hærri arðgreiðslu vegna hækkandi leigutekna undanfarinna ára sem eingöngu er tilkomin vegna hækkunar á veiðileyfum til stangaveiði. Að mati dómsins ber að fallast á með stefndu að aðstaða til netaveiða verði ekki slitin úr samhengi við það hvaða verðmætum slík aðstaða skili en nú eru þau sáralítill í samanburði við verðmætin sem stangaveiði skilar til veiðifélagsins. Þá verður ekki séð að yfirmatsmönnum hafi verið óheimilt að ákveða að jarðir sem nú fá meiri tekjur af stangaveiðihlunnindum en nema áætluðum tekjum af nýtingu netahlunninda fái ekki reiknaðar neinar bætur. Með hliðsjón af því sem að framan er rakið eru ekki efni til að ógilda arðskrána vegna þess að yfirmatsmenn hafi beitt ólögumætum aðferðum við gerð hins umþrætta yfirmats.

Stefnendur hafa í málatilbúnaði sínum vísað til samninga sem gerðir hafa verið um upptöku neta í öðrum ám. Slíkir samningar hafa ekki áhrif á lögmæti aðferða yfirmatsmanna í þessu máli. Í Hvítá í Borgarfirði fá bændur greitt fyrir að veiða ekki í net en þeir fá ekki arð af sölu stangveiðileyfa í bergvatnsánum sem í hana renna. Í Ölfusá og Hvítá í Árnessýslu er einnig greitt fyrir að veiða ekki í net en veiðiréttarhafar ráðstafa sjálfir sínum veiðirétti þannig að þeir sem selja stangveiðileyfi fyrir sínu landi fá þá væntanlega herra verð fyrir sín veiðileyfi.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram að tveir af þremur yfirmatsmönnum hafi verið vanhæfir til að framkvæma matið. Hvað þetta varðar vísa þeir til þess að Þorsteinn Þorsteinsson hafi tekið virkan þátt í störfum og samningum um verðmæti aðstöðu til netaveiði í Borgarfirði og gætt hagsmuna þeirra sem rétt hafa til stangaveiði. Hann hafi sem formaður veiðifélags Grímsár og Tunguár haldið því fram að aðstaða til netaveiði sé verulega ofmetin. Loks eigi hann hálfu jörðina Skálpastaði í Lundarreykjadal en sú jörð fái eingöngu arð vegna stangaveiði. Sveinbjörn Dagfinnsson hafi allt til ársins 2002 átt jörðina Klett í Borgarfirði en á því ári hafi hann afsalað jörðinni til barna sinna. Sú jörð hafi eingöngu arð af stangaveiði. Þessir yfirmatsmenn séu þannig nátengdir hagsmunum sem fjallað er um í matinu og eigi beinna hagsmuna að gæta og því verði hlutleysi þeirra dregið í efa. Ætla verður að stefndu telji þá Þorstein og Sveinbjörn vanhæfa með vísan til ákvæða

stjórnsýslulaga en til þeirra laga vísa þeir í lagarökum sínum án þess þó að gera nánari grein fyrir því hvaða ákvæði laganna eigi við hér.

Á fyrsta fundi yfirmatsmanna með veiðiréttarhöfum hinn 8. maí 2005 var óskað eftir að athugasemdir yrðu gerðar við hæfi matsmanna, ef einhverjar væru. Engar athugasemdir komu þá fram þrátt fyrir að stefnendum líkt og öðrum aðilum málsins hafi á þeim tíma mátt vera kunnugt um tengsl nefndra yfirmatsmanna við nefndar jarðir. Eru athugasemdir stefnenda við hæfi matsmanna því of seint fram komnar. Auk þessa verður ekki fallist á með stefnendum að yfirmatsmennirnir Þorsteinn og Sveinbjörn hafi haft sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu þessa tiltekna yfirmats en ætla verður að krafan sé fyrst og fremst reist á ákvæðum 5. og eða 6. tl. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga líkt og stefndu hafa bent á. Þannig liggur fyrir að Sveinbjörn nýtur engra arðgreiðslna vegna jarðarinnar sem börn hans eiga auk þess sem greiðslur til barna hans vegna jarðarinnar eru óverulegar. Greiðslur til Þorsteins vegna eignarhluta hans í Skálpastöðum eru heldur ekki það miklar að þær séu til þess fallnar að draga óhlutdrægni hans í efa. Aðkoma hans að upptöku neta í Hvítá í Borgarfirði gerir hann heldur ekki vanhæfan til yfirmatsstarfa. Í því sambandi verður m.a. að horfa til þess að þar var um frjálsa samninga að ræða sem ekkert hefur með niðurjöfnun arðs í veiðifélagi að gera. Verður því ekki fallist á með stefnendum að efni séu til að ógilda arðskrána vegna vanhæfis yfirmatsmanna.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins verða stefnendur dæmdir til að greiða stefndu málskostnað eins og í dómsorði greinir. Þá þykir rétt að málskostnaður milli stefnenda og þeirra stefndu sem ekki létu málið til sín taka og þeirra sem eingöngu höfðu uppi þá kröfu að þeim yrði ekki gert að greiða málskostnað falli niður. Loks féllu stefnendur frá kröfu um málskostnað úr hendi Kvíslar ehf. sem að sama skapi krafðist ekki málskostnaðar úr hendi stefnenda og fellur málskostnaður þeirra í millum því niður. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Halldór Halldórsson dómstjóri kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Stefndu eru sýkn af köfum stefnenda í máli þessu.

Stefnendur, Gunnar Örn Þorvaldsson, Gréta Björg Jósefsdóttir, Jón Böðvarsson, Friðrik Böðvarsson, Skógræktarfélag Íslands, Skógræktarfélag Vestur-Húnvetninga, Böðvar Sigvaldason, Böðvar Sigvaldi Böðvarsson, Karl Guðmundsson, Stefán Einar Böðvarsson, og Gunnlaugur Frosti Guðmundsson, greiði í sameiningu Veiðifélagi Miðfirðinga 550.000 krónur í málskostnað.

Stefnendur greiði í sameiningu stefndu, Ingimar Steindóri Guðmundssyni, Jóhönnu Gunnarsdóttur, Barkarstaðaskógi ehf., Unni Sveinsdóttur, Sigrúnu Aðalbjarnardóttur, Ingu Hjördísi Aðalbjarnardóttur, Aldísi Aðalbjarnardóttur, Guðrúnu Benediktssyni, Birnu Jónsdóttur, Aðalbirni Benediktssyni, Flaumi ehf., Finni Jónssyni, Brynjólfi Jónssyni, Leifi Jónssyni, Skafta Jóhannssyni, Jenný Jóhannsdóttur, Rögnu Jóhannsdóttur, Oddfríði Jóhannsdóttur, Kristínu Jóhannsdóttur, Ólafi Helga Jóhannssyni, Jóhannesi Jóhannssyni, Jóni Jóhannssyni,

Bryndísi Jóhannsdóttur, Berki Benediktssyni, Sigrúnu Kristínu Barkardóttur, Birni Helga Barkarsyni, Sigurrós K. Indriðadóttur, Örnólfi F. Björgvinssyni, Jóhannesi Guðmundi Þorbergssyni, Hauki Stefánssyni, Flugastraumi ehf., Sigfúsi Levi Jónssyni, Ragnari Leví Jónssyni, Jóni Bergmann Sigfússyni, Sævari Þór Sigurgeirssyni, Hafdísí Sigurgeirsdóttur, Grétu Guðmundsdóttur, Þorsteini Baldri Helgasyni, Ástu Sveinsdóttur, Eyjólfí Val Gunnarssyni, Fasteignafélaginu Reyf ehf., Fjársýslu ríkisins, Helga Björnssyni, Ólöfu Guðrúnu Helgadóttur, Birni Helgasyni, Jóhönnu Hólmfríði Helgadóttur, Elínbjörgu Helgadóttur, Hjalta Sigursveini Helgasyni, Arinbirni Jóhannssyni, Sigvalda Jóhannssyni, Hólmfríði I. Jóhannsdóttur, Karli Heiðari Sigurðssyni og Friðriki Jóhannssyni, hverjum um sig 35.000 krónur í málskostnað.

Stefnendur greiði í sameiningu stefndu Með ehf. og Kirkjumálasjóði hvorum um sig 225.000 í málskostnað.

Málskostnaður milli stefnenda og Lífsvals ehf., Heiðrúnar Brynju Guðmundsdóttur, Þorvaldar Pálssonar, Eggerts Pálssonar, Önnu Axelsdóttur, Axels Sigurgeirssonar, Rafns Benediktssonar, Magnúsar Guðmundssonar, Sigvalda Sigurjónssonar, Benedikts Björnssonar, Bjarneyjar Öldu Benediktsdóttur, Péturs Hafsteins Sigurvaldasonar, Húnaþings vestra, Guðfinnu Kristínar Ólafsdóttur, Veiðifélags Arnarvatnsheiðar, Elínborgar B. Benediktsdóttur, Jóns Guðmundar Benediktssonar, Benediktu S. Benediktsdóttur, Magnúsar Gunnlaugssonar, Guðmundar Víðis Magnússonar, Minningarsjóðs hjónanna Ágústu Jónatansdóttur og Kvíslar ehf. fellur niður.

Halldór Halldórsson